

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 93/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Byggðasjóði

Útvegsbanka Íslands h/f

Sláturfélagi Suðurlands

Byko s/f

Sanitas h/f

Sparisjóði vélstjóra

Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f

Flugleiðum h/f

Eimskipafélagi Íslands h/f

X-Design Studio A/S

Samvinnutryggingum g/t

Dreifingu

Magnúsi Kjaran h/f

Búnaðarbanka Íslands h/f

Hljómbæ h/f

Iðnaðarbanka Íslands h/f

Ferðamálasjóði

Bjarna Gunnarssyni

Karnabæ h/f

Vestmannaeyjakaupstað

Samvinnubanka Íslands h/f

Þ.b. Hafskips h/f

Vífilfelli h/f

Ágæti h/f

Úlfari Nathanaelssyni

Ólöfu Pálinu Úlfarsdóttur og

Kristjáni Imsland

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði

uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómsgerða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágrípsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálsjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði fellt niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.
